

**AF  
STAÐ á  
Reykjanesið...**

# **Bláalónshringur gönguleið**



**sjf menningarmiðlun**

**AF  
STAÐ á  
Reykjanesið...**

# **Bláalónshringur gönguleið**



**sjf menningarmiðlun**

**Bláalónshringurinn** er innan marka Grindavíkur. Gangan hefst við bifreiðastæði Bláa lónsins og er gengið til vesturs eftir slóða í mosavöxnu helluhrauni með háa apalhraunbrún á vinstri hönd. Gengið er yfir malbikaðan veg milli Bláa lónsins og Grindavíkur og síðan áfram til vesturs yfir á Skipsstíg, forna þjóðleið sem er stikuð með númerum. Stígnum er fylgt til suðurs áleiðis að Lágafelli. Skammt norðan Lágafells er beygt til austurs með apalhraunbrúninni og fylgt Reykjavegi að Þorbirni og síðan með honum að norðanverðu, inn á Baðsvelli. Frá Völlunum er gengið að orkuverinu í Svartsengi og að upphafsstað.

Leiðarlýsingin í bæklingnum byggir að hluta á númeruðum stikum, sem Ferðamálasamtök Suðurnesja hafa haft forgöngu um að setja upp með Skipsstíg.

Gönguleiðin er tiltölulega greiðfær, að mestu á sléttu og ætti að vera fær flestu fótgangandi fólki. Fólk ætti að gefa sér góðan tíma til að skoða það sem fyrir augu ber. Áætlaður tími, sem tekur að fara hringinn, er u.þ.b. 3 klst. Vegalengdin er um 7 km.

Munið að ganga vel um náttúruna  
— í sátt við umhverfið.

Útgáfa bæklingsins er styrkt af Bláa Lóninu hf.  
Ritstjóri: Sigrún Jónsd. Franklín  
Ljósmyndir: SJF og ÓSÁ  
sjf menningarmiðlun – 2007  
Netfang: sjf@internet.is



Öll réttindi áskilin

Once you have chosen an image, place it close to

**Bláalónshringurinn** er innan marka Grindavíkur. Gangan hefst við bifreiðastæði Bláa lónsins og er gengið til vesturs eftir slóða í mosavöxnu helluhrauni með háa apalhraunbrún á vinstri hönd. Gengið er yfir malbikaðan veg milli Bláa lónsins og Grindavíkur og síðan áfram til vesturs yfir á Skipsstíg, forna þjóðleið sem er stikuð með númerum. Stígnum er fylgt til suðurs áleiðis að Lágafelli. Skammt norðan Lágafells er beygt til austurs með apalhraunbrúninni og fylgt Reykjavegi að Þorbirni og síðan með honum að norðanverðu, inn á Baðsvelli. Frá Völlunum er gengið að orkuverinu í Svartsengi og að upphafsstað.

Leiðarlýsingin í bæklingnum byggir að hluta á númeruðum stikum, sem Ferðamálasamtök Suðurnesja hafa haft forgöngu um að setja upp með Skipsstíg.

Gönguleiðin er tiltölulega greiðfær, að mestu á sléttu og ætti að vera fær flestu fótgangandi fólki. Fólk ætti að gefa sér góðan tíma til að skoða það sem fyrir augu ber. Áætlaður tími, sem tekur að fara hringinn, er u.þ.b. 3 klst. Vegalengdin er um 7 km.

Munið að ganga vel um náttúruna  
— í sátt við umhverfið.

Útgáfa bæklingsins er styrkt af Bláa Lóninu hf.  
Ritstjóri: Sigrún Jónsd. Franklín  
Ljósmyndir: SJF og ÓSÁ  
sjf menningarmiðlun – 2007  
Netfang: sjf@internet.is



Öll réttindi áskilin

Once you have chosen an image, place it close to

**Illahraun** er talið hafa myndast í eldgosahrinu 1226 og er því með yngstu hraunum á Reykjaneskaganum. Hraunið rann m.a. úr gígnum Rauðhól sem nánar verður vikið að síðar. Önnur nærliggjandi hraun eru t.d. úr síðasta Eldvarpagosinu frá svipuðum tíma og eru ýmist apalhraun eða helluhraun.

Hraun eru bráðin bergkvika sem rennur frá eldstöð eftir yfirborði jarðar og storknar. Hraun hlaðast hvert yfir annað þannig að yngsta hraunið er ávallt efst. Hraun geta verið ólík að útliti og umfangi og stafar það af aðstæðum á gosstað, gerð kvikunnar og hegðun gossins. Eftir útliti eru hraun flokkuð í tvær gerðir.

Apalhraun kallast hin úfnari hraun. Yfirborðið er þakið gjallkenndu hraungrýti. Jaðar apalhraunanna er jafnan mjög brattur þegar þau skriða eða velta fram og hrynur þá laust gjall úr honum og lendir undir hrauninu. Ágætt dæmi um þetta er hinn hái hraunkantur Illahrauns að sunnanverðu.

Helluhraun eru slétt og greiðfær yfirferðar. Þegar þau storkna myndast fremur þunn og seig skán sem sígur áfram með rennslinu á bráðnu undirlaginu. Við það gárast skánin



*Helluhraun og apalhraun í Illahrauni.*

þannig að yfirborðið verður alsett fingerðum gárum sem líkjast helst kaðalhönk og kallast gárurnar því hraunreipi. Verði yfirborðsskánin þykkari brotnar hún oft upp í fleka við framskrið og hreyfingar á bráðnu undirlaginu. Helluhraun stafa líka af því að djúpir

**Illahraun** er talið hafa myndast í eldgosahrinu 1226 og er því með yngstu hraunum á Reykjaneskaganum. Hraunið rann m.a. úr gígnum Rauðhól sem nánar verður vikið að síðar. Önnur nærliggjandi hraun eru t.d. úr síðasta Eldvarpagosinu frá svipuðum tíma og eru ýmist apalhraun eða helluhraun.

Hraun eru bráðin bergkvika sem rennur frá eldstöð eftir yfirborði jarðar og storknar. Hraun hlaðast hvert yfir annað þannig að yngsta hraunið er ávallt efst. Hraun geta verið ólík að útliti og umfangi og stafar það af aðstæðum á gosstað, gerð kvikunnar og hegðun gossins. Eftir útliti eru hraun flokkuð í tvær gerðir.

Apalhraun kallast hin úfnari hraun. Yfirborðið er þakið gjallkenndu hraungrýti. Jaðar apalhraunanna er jafnan mjög brattur þegar þau skriða eða velta fram og hrynur þá laust gjall úr honum og lendir undir hrauninu. Ágætt dæmi um þetta er hinn hái hraunkantur Illahrauns að sunnanverðu.

Helluhraun eru slétt og greiðfær yfirferðar. Þegar þau storkna myndast fremur þunn og seig skán sem sígur áfram með rennslinu á bráðnu undirlaginu. Við það gárast skánin



*Helluhraun og apalhraun í Illahrauni.*

þannig að yfirborðið verður alsett fingerðum gárum sem líkjast helst kaðalhönk og kallast gárurnar því hraunreipi. Verði yfirborðsskánin þykkari brotnar hún oft upp í fleka við framskrið og hreyfingar á bráðnu undirlaginu. Helluhraun stafa líka af því að djúpir



hraunstraumar kaffæra hóla og hæðir sem fyrir voru í landslaginu. Mishæðirnar koma svo aftur í ljós þegar glóandi kvikan rennur undan storknaðri hraunskáninni í lok gossins. Kvika helluhraunanna kraumar oftast í kvikutjörn í gígnum. Frá gígnum rennur hún yfirleitt úr hrauntjörninni um göng og oft langar leiðir undir storknu yfirborðinu uns hún flæðir upp um augu á hraunþekjunni.

Hraun frá sögulegum tíma eru a.m.k. 13 talsins á Reykjanesskaganum. Má þar m.a. nefna Illa- og Arnarseturshraun frá 1226, Eldvarpa- og Yngra-Stampahraun frá 1211 og Ögmundar- og Kapelluhraun frá 1150.

Bláalónssvæðið liggur á háhitasvæði. Eitt einkenni háhitasvæðanna er gufuhverir á yfirborðinu. Svartsengisgosgreinin er ein fjögurra á Reykjanesskaganum. Hinar eru á Reykjanestá, Trölladyngju og í Krýsuvík.

**Mosinn** er aðalgróðurplanta Reykjanesskagans. Á Íslandi eru þekktar um 600 tegundir af mosum. Meginhluti íslenskra



*Einiberjalyng; lyngið var notað til skreytinga, sbr. jólavísuna „Göngum við í kringum einiberjarunn“.*

mosa er af tveim ólíkum flokkum sem nefnast laufmosar og soppmosar. Mun fleiri tilheyra laufmosum, en af þeim flokki eru bæði barðastrý og hraungambri.

Grámosi eða gamburmosi er þessi mosi nefndur í daglegu tali, en hefur hlotið tegundarheitið hraungambri.

hraunstraumar kaffæra hóla og hæðir sem fyrir voru í landslaginu. Mishæðirnar koma svo aftur í ljós þegar glóandi kvikan rennur undan storknaðri hraunskáninni í lok gossins. Kvika helluhraunanna kraumar oftast í kvikutjörn í gígnum. Frá gígnum rennur hún yfirleitt úr hrauntjörninni um göng og oft langar leiðir undir storknu yfirborðinu uns hún flæðir upp um augu á hraunþekjunni.

Hraun frá sögulegum tíma eru a.m.k. 13 talsins á Reykjanesskaganum. Má þar m.a. nefna Illa- og Arnarseturshraun frá 1226, Eldvarpa- og Yngra-Stampahraun frá 1211 og Ögmundar- og Kapelluhraun frá 1150.

Bláalónssvæðið liggur á háhitasvæði. Eitt einkenni háhitasvæðanna er gufuhverir á yfirborðinu. Svartsengisgosgreinin er ein fjögurra á Reykjanesskaganum. Hinar eru á Reykjanestá, Trölladyngju og í Krýsuvík.

**Mosinn** er aðalgróðurplanta Reykjanesskagans. Á Íslandi eru þekktar um 600 tegundir af mosum. Meginhluti íslenskra



*Einiberjalyng; lyngið var notað til skreytinga, sbr. jólavísuna „Göngum við í kringum einiberjarunn“.*

mosa er af tveim ólíkum flokkum sem nefnast laufmosar og soppmosar. Mun fleiri tilheyra laufmosum, en af þeim flokki eru bæði barðastrý og hraungambri.

Grámosi eða gamburmosi er þessi mosi nefndur í daglegu tali, en hefur hlotið tegundarheitið hraungambri.

Þetta er einn algengasti og mest áberandi mosinn á öllum suður- og vesturhluta landsins. Við úthafsloftslag á snjóléttum svæðum verður hann einráður á allmörgum áratugum, og myndar samfelldar, mjúkar mosabembur á 100 ára gömlum hraunum og eldri. Ef röskun verður á gróðurþekju mosans tekur það hana því langan tíma að jafna sig.

Mosinn undirbýr jarðveg fyrir aðrar plöntur, s.s. víði, lyng og ýmsar blómtegundir. Hann er einn fyrsti landneminn í nýjum hraunum.

#### Annar gróður

Á svæðinu má sjá ýmsar lyngtegundir: krækiberjalyng, bláberjalyng, beitylyng, sortulyng, hrútaberjalyng og ýmsar gróteygundir, s.s. skollafingur, skófir, kræðu og hreindýramosa. Einir er eina íslenska tegundin úr hópi barrviða. Blóðbergið með sínum fjólubláu blómum og ýmsar aðrar blómtegundir, gulmaðra, geldingahnappur, kornsúra, kattartunga, mariustakkur, holurt og margar fleiri tegundir. Við Skipsstíg í Grindavíkurhlutanum er óvenju mikill lynggróður miðað við aðra staði á Reykjanesskaganum en þar kemur eflaust til að stígurinn liggur í lægð og skjóli fyrir vindum.



*Beitylyng; sú þjóðtrú fylgir beitylynginu að blómgist það mjög í toppinn verði vetur harður, en séu greinarendar blómlausir þarf ekki að kvíða vetri.*

Þetta er einn algengasti og mest áberandi mosinn á öllum suður- og vesturhluta landsins. Við úthafsloftslag á snjóléttum svæðum verður hann einráður á allmörgum áratugum, og myndar samfelldar, mjúkar mosabembur á 100 ára gömlum hraunum og eldri. Ef röskun verður á gróðurþekju mosans tekur það hana því langan tíma að jafna sig.

Mosinn undirbýr jarðveg fyrir aðrar plöntur, s.s. víði, lyng og ýmsar blómtegundir. Hann er einn fyrsti landneminn í nýjum hraunum.

#### Annar gróður

Á svæðinu má sjá ýmsar lyngtegundir: krækiberjalyng, bláberjalyng, beitylyng, sortulyng, hrútaberjalyng og ýmsar gróteygundir, s.s. skollafingur, skófir, kræðu og hreindýramosa. Einir er eina íslenska tegundin úr hópi barrviða. Blóðbergið með sínum fjólubláu blómum og ýmsar aðrar blómtegundir, gulmaðra, geldingahnappur, kornsúra, kattartunga, mariustakkur, holurt og margar fleiri tegundir. Við Skipsstíg í Grindavíkurhlutanum er óvenju mikill lynggróður miðað við aðra staði á Reykjanesskaganum en þar kemur eflaust til að stígurinn liggur í lægð og skjóli fyrir vindum.



*Beitylyng; sú þjóðtrú fylgir beitylynginu að blómgist það mjög í toppinn verði vetur harður, en séu greinarendar blómlausir þarf ekki að kvíða vetri.*

**Skst. 85 Skipsstígur** er forn þjóðleið milli Grindavíkur og Innri-Njarðvíkur. Stígurinn endurspeglar brú margbreytileikans, annars vegar vegagerð hinnar eðlislægu og skynsamlegu þarfar fortíðarinnar og hins vegar tilraun nútímans (eftir 1900) til að bregðast við breyttum þörfum samtímans, t.d. með tilkomu bílsins. Skipsstígur hefur því ekki einungis gildi sem fornleif (100 ára reglan) heldur og sem ápreifanlegur vottur þróunar í



*Vel mörkuð leið: Hófför og fótspor liðinna alda.*

vegagerð hér á landi frá einum tíma til annars. Talið er að nafnið sé komið af því að menn hafi farið þessa leið til skips. Þó segir sagan að þessa leið hafi fiskimenn borið skip sín millum byggðarlaganna, allt eftir því hvar fiskaðist hverju sinni. Fallegar, hlaðnar vörður marka leiðina. Víða má sjá götuna vel markaða í bergið.

**Skst. 80 Rauðhóll**, horft til austurs, er formfagur gígur, sem hraunið rann úr.

Við Skst. 79 – 80 + 73 má sjá manngerðar hleðslur við stíginn, sennilega til að auðvelda umferð vagna þar.

**Skst. 71** Við götuna liggur jarðstrengur er flytur rafmagn sem framleitt er úr orkunni sem kemur frá gufuaflinu. Hinum megin götunnar eru hitaveiturör er liggja frá borholu. Eftir þeim berst gufan sem hitar vatn til húshitunar fyrir Grindvíkinga o.fl. Við Skst. 69 – 68 má

**Skst. 85 Skipsstígur** er forn þjóðleið milli Grindavíkur og Innri-Njarðvíkur. Stígurinn endurspeglar brú margbreytileikans, annars vegar vegagerð hinnar eðlislægu og skynsamlegu þarfar fortíðarinnar og hins vegar tilraun nútímans (eftir 1900) til að bregðast við breyttum þörfum samtímans, t.d. með tilkomu bílsins. Skipsstígur hefur því ekki einungis gildi sem fornleif (100 ára reglan) heldur og sem ápreifanlegur vottur þróunar í



*Vel mörkuð leið: Hófför og fótspor liðinna alda.*

vegagerð hér á landi frá einum tíma til annars. Talið er að nafnið sé komið af því að menn hafi farið þessa leið til skips. Þó segir sagan að þessa leið hafi fiskimenn borið skip sín millum byggðarlaganna, allt eftir því hvar fiskaðist hverju sinni. Fallegar, hlaðnar vörður marka leiðina. Víða má sjá götuna vel markaða í bergið.

**Skst. 80 Rauðhóll**, horft til austurs, er formfagur gígur, sem hraunið rann úr.

Við Skst. 79 – 80 + 73 má sjá manngerðar hleðslur við stíginn, sennilega til að auðvelda umferð vagna þar.

**Skst. 71** Við götuna liggur jarðstrengur er flytur rafmagn sem framleitt er úr orkunni sem kemur frá gufuaflinu. Hinum megin götunnar eru hitaveiturör er liggja frá borholu. Eftir þeim berst gufan sem hitar vatn til húshitunar fyrir Grindvíkinga o.fl. Við Skst. 69 – 68 má





Rauðhóll sem Illahraun rann úr.

sjá djúpar holur, jarðföll. Frá Skst. 68 hefur vegurinn verið lagður að hluta fyrir vagna.

Um 45 mín. gangur er frá Bláa lóninu að hitaveiturörunum. Vegur liggur meðfram rörunum að útsýnisveginum.

**Sks. 66** Víða má sjá litla hella, skúta og gjár í úfnu hrauninu og í þeim stundum stóra, fallega burkna, tófugras. Þegar hraun renna yfir misfellur og fyrirstaða myndast reynir bráðin hraunkvikan að leita áframhaldandi leiða. Hún



Lítill hellir við Skipsstíg.

bræðir grannbergið og storknugin ofanverð fellur niður. Þannig myndast lægðir, lautir og sprungur á jöðrum.

**Skst. 54** Framundan, þegar horft er til suðurs, má sjá, frá hægri til vinstri: Lágafell, Húsafjall aftar, Þorbjörn, Svartsengisfell, Stóra-Skógfell, Arnarsetur, Rauðhól, Lat, Þórðarfell, Eldvörpin og Sandfell. Framundan til vinstri tekur sigdældin við sem sjá má á kápu bæklingsins.



Rauðhóll sem Illahraun rann úr.

sjá djúpar holur, jarðföll. Frá Skst. 68 hefur vegurinn verið lagður að hluta fyrir vagna.

Um 45 mín. gangur er frá Bláa lóninu að hitaveiturörunum. Vegur liggur meðfram rörunum að útsýnisveginum.

**Sks. 66** Víða má sjá litla hella, skúta og gjár í úfnu hrauninu og í þeim stundum stóra, fallega burkna, tófugras. Þegar hraun renna yfir misfellur og fyrirstaða myndast reynir bráðin hraunkvikan að leita áframhaldandi leiða. Hún





Lítill hellir við Skipsstíg.

bræðir grannbergið og storknugin ofanverð fellur niður. Þannig myndast lægðir, lautir og sprungur á jöðrum.

**Skst. 54** Framundan, þegar horft er til suðurs, má sjá, frá hægri til vinstri: Lágafell, Húsafjall aftar, Þorbjörn, Svartsengisfell, Stóra-Skógfell, Arnarsetur, Rauðhól, Lat, Þórðarfell, Eldvörpin og Sandfell. Framundan til vinstri tekur sigdældin við sem sjá má á kápu bæklingsins.







Frá stíku 51 hefur Skipsstígurinn verið breikkaður og reynt að laga hann að breyttum þörfum með fjölgun hestvagna og tilkomu bíla. Um 300 metra kafli ber merki um fagurt verklag þessa tíma. Atvinnubótavinna hefur átt að mæta þörfinni, en síðar (1913) var ákveðið að leggja nýjan veg milli Vogastapa og Grindavíkur (laug 1918), skammt austar (í núverandi þjóðvegastæði).

**Skst 50 Reykjavegur**, sem er merktur með bláum stikum, liggur frá Reykjanestá að Hengilssvæði og kemur inn á stíginn að hluta. Eldvörpin sjást vel í vestri og Sundvarðan lengst og hæst í vestsuðvestur í Sundvörðuhrauni. Hér skammt norðar (vestan stígsins) má sjá hraunhvel, sem vegargerðarmenn notuðu sem skjól er þeir unnu að vegabótum á þessum kafli.

**Skst 48 Dýrfinnuhellir.** Sagan segir að Dýrfinna nokkur hafi falið sig í hellinum með börn sín af ótta við að „Tyrkir“ kæmu og rændu þeim. Í Tyrkjaráninu 1627 rændu „Tyrkir“ fimmtán Grindvíkingum og héldu með þá í ánað til Algeirsborgar í Afríku. Nokkrir þeirra komust síðar aftur til landsins.

**Skst. 42** Hér þarf að beygja til vinstri og fylgja Reykjaveginum (bláu stikunum) í átt að Þorbirni. Hægt er að fara upp Gyltustíg með fjallinu eða ganga undir fjallinu norðan megin og fylgja Reykjavegi að rótum Selskógar.

**Þorbjörn.** Í örnefnalýsingu fyrir Járngerðarstaði segir m.a. um þetta svæði: „Vestan við Klifhól, utan í fjallinu vestast, er Gyltustígur, eins konar hraunveggur. Hann er vestarlega í Þorbirni að sunnanverðu frá Lágafellstagli og upp úr.



*Dýrfinnuhellir þar sem Dýrfinna faldi sig með börnin.*

Frá stíku 51 hefur Skipsstígurinn verið breikkaður og reynt að laga hann að breyttum þörfum með fjölgun hestvagna og tilkomu bíla. Um 300 metra kafli ber merki um fagurt verklag þessa tíma. Atvinnubótavinna hefur átt að mæta þörfinni, en síðar (1913) var ákveðið að leggja nýjan veg milli Vogastapa og Grindavíkur (laug 1918), skammt austar (í núverandi þjóðvegastæði).

**Skst 50 Reykjavegur**, sem er merktur með bláum stikum, liggur frá Reykjanestá að Hengilssvæði og kemur inn á stíginn að hluta. Eldvörpin sjást vel í vestri og Sundvarðan lengst og hæst í vestsuðvestur í Sundvörðuhrauni. Hér skammt norðar (vestan stígsins) má sjá hraunhvel, sem vegargerðarmenn notuðu sem skjól er þeir unnu að vegabótum á þessum kafli.

**Skst 48 Dýrfinnuhellir.** Sagan segir að Dýrfinna nokkur hafi falið sig í hellinum með börn sín af ótta við að „Tyrkir“ kæmu og rændu þeim. Í Tyrkjaráninu 1627 rændu „Tyrkir“ fimmtán Grindvíkingum og héldu með þá í ánað til Algeirsborgar í Afríku. Nokkrir þeirra komust síðar aftur til landsins.

**Skst. 42** Hér þarf að beygja til vinstri og fylgja Reykjaveginum (bláu stikunum) í átt að Þorbirni. Hægt er að fara upp Gyltustíg með fjallinu eða ganga undir fjallinu norðan megin og fylgja Reykjavegi að rótum Selskógar.

**Þorbjörn.** Í örnefnalýsingu fyrir Járngerðarstaði segir m.a. um þetta svæði: „Vestan við Klifhól, utan í fjallinu vestast, er Gyltustígur, eins konar hraunveggur. Hann er vestarlega í Þorbirni að sunnanverðu frá Lágafellstagli og upp úr.



*Dýrfinnuhellir þar sem Dýrfinna faldi sig með börnin.*

Vegghamrar er lágur hraunhamraveggur suðaustan í Lágafelli og tengir það við Þorbjörn. Vesturhlið Þorbjarnar er brattar skriður sem heita Skjónabrekkur. Milli Klifhólanna er Klifhólatorfa niður af Krókatorfu sem nú er aðeins snepill.“

Fjallið er 243 m hátt móbergsfjall sem hefur orðið til við gos undir jökli. Þorbjörn er einkennisfjall Grindavíkur. Uppruni nafnsins er óljós.

Uppi á fjallinu eru minjar um veru breska hersins frá því um 1940 en þá var hann með bækistöð þar. Við rætur fjallsins má á nokkrum stöðum sjá leifar þess, þ.e. ryðgað drasl, sem nú er orðið að „sögulegum minjum“ um veru Bretanna á fjallinu fyrrum.

Í fjallinu heldur fýllinn sig. Fýllinn getur orðið allt að 50 ára gamall. Munnmæli herma að kjötið af honum verði ekki seigt né heldur eldist í útliti þrátt fyrir háan aldur. Hrafn verpir í Þorbirni og þar má stundum sjá hrafnslaup (hreiður hrafnsins) í hæstu klettunum neðanverðum. Fleiri lífverur má sjá eins og svartsnigla sem eru óvenju stórir sniglar og



Svartsnigill; sú þjóðtrú fylgir að ef maður nái að snerta horn snigilsins þá sé hægt að óska sér.

Vegghamrar er lágur hraunhamraveggur suðaustan í Lágafelli og tengir það við Þorbjörn. Vesturhlið Þorbjarnar er brattar skriður sem heita Skjónabrekkur. Milli Klifhólanna er Klifhólatorfa niður af Krókatorfu sem nú er aðeins snepill.“

Fjallið er 243 m hátt móbergsfjall sem hefur orðið til við gos undir jökli. Þorbjörn er einkennisfjall Grindavíkur. Uppruni nafnsins er óljós.

Uppi á fjallinu eru minjar um veru breska hersins frá því um 1940 en þá var hann með bækistöð þar. Við rætur fjallsins má á nokkrum stöðum sjá leifar þess, þ.e. ryðgað drasl, sem nú er orðið að „sögulegum minjum“ um veru Bretanna á fjallinu fyrrum.

Í fjallinu heldur fýllinn sig. Fýllinn getur orðið allt að 50 ára gamall. Munnmæli herma að kjötið af honum verði ekki seigt né heldur eldist í útliti þrátt fyrir háan aldur. Hrafn verpir í Þorbirni og þar má stundum sjá hrafnslaup (hreiður hrafnsins) í hæstu klettunum neðanverðum. Fleiri lífverur má sjá eins og svartsnigla sem eru óvenju stórir sniglar og



Svartsnigill; sú þjóðtrú fylgir að ef maður nái að snerta horn snigilsins þá sé hægt að óska sér.



sjást helst í og við Grindavík og einstaka kanínur sem hlaupa villtar um skóginn. Í hrauninu fyrir neðan fjallið má sjá ýmsa spörfugla, s.s. auðnutittling, músarrindil, sólskríkju o.fl. fugla, allt eftir árstíðum.

**Þjófagjá.** Þorbjörn er sérstakt fjall að því leyti að í fjallinu er misgengi og myndast hefur lægð í því miðju sem nefnist Þjófagjá, sbr. Þjóðsöguna sem segir að í gjánni hafi haldið sig Þjófar sem stálu fé af Grindvíkingum. Vinnumaður einn úr Grindavík vingaðist við þá og lék síðan á þá. Þegar þeir eitt sinn fóru til baða á Baðsvöllum sneri hann við fötum þeirra og batt saman. Lét hann Grindvíkinga vita af ráðagjörð sinni og komu þeir og náðu að handsama Þjófana og hengdu þá síðan þar sem heita Gálgaklettur en þeir eru austan megin við Þjóðveginn til Grindavíkur.

**Selskógur.** Kvenfélag Grindavíkur hóf skógrækt í hlíðum Þorbjarnar um 1950 og nefnist skógurinn Selskógur. Fyrir neðan hann, við jaðar hraunsins, má sjá minjar um sel þar sem Grindvíkingar höfðu fé sitt í seli og mjólkuðu ærnar í stekk. Annað sel er aðeins austar þar sem skógurinn er reyndar alveg ofan í selinu.



Minjar um sel sjást fremst á myndinni. Selskógur í Þorbirni.

sjást helst í og við Grindavík og einstaka kanínur sem hlaupa villtar um skóginn. Í hrauninu fyrir neðan fjallið má sjá ýmsa spörfugla, s.s. auðnutittling, músarrindil, sólskríkju o.fl. fugla, allt eftir árstíðum.

**Þjófagjá.** Þorbjörn er sérstakt fjall að því leyti að í fjallinu er misgengi og myndast hefur lægð í því miðju sem nefnist Þjófagjá, sbr. Þjóðsöguna sem segir að í gjánni hafi haldið sig Þjófar sem stálu fé af Grindvíkingum. Vinnumaður einn úr Grindavík vingaðist við þá og lék síðan á þá. Þegar þeir eitt sinn fóru til baða á Baðsvöllum sneri hann við fötum þeirra og batt saman. Lét hann Grindvíkinga vita af ráðagjörð sinni og komu þeir og náðu að handsama Þjófana og hengdu þá síðan þar sem heita Gálgaklettur en þeir eru austan megin við Þjóðveginn til Grindavíkur.

**Selskógur.** Kvenfélag Grindavíkur hóf skógrækt í hlíðum Þorbjarnar um 1950 og nefnist skógurinn Selskógur. Fyrir neðan hann, við jaðar hraunsins, má sjá minjar um sel þar sem Grindvíkingar höfðu fé sitt í seli og mjólkuðu ærnar í stekk. Annað sel er aðeins austar þar sem skógurinn er reyndar alveg ofan í selinu.



Minjar um sel sjást fremst á myndinni. Selskógur í Þorbirni.

Þegar komið er að Selskógi er best að fylgja hraunjaðrinum, framhjá selsminjunum, þangað til að komið er að fuglaþúfu eða hundapúfu eins og sumir kalla hana og fara þar yfir hraunið að stiku sem sýnir stystu leiðina yfir hraunhaftið að einni borholunni. Fylgið síðan veginum og beygið til vinstri í átt að hvítu slánni yfir veginn. Beygið þar til hægri í átt að borholu 9 og fylgið veginum að Lækningalindinni. Þar til hliðar við húsið er merkt gönguleið í átt að Bláa lóninu.



Þegar horft er upp með fjallinu má sjá ýmsar kynjamyndir af tröllum sem dagað hafa uppi þar.

**Merki Grindavíkur** er geithafur. Í Landnámu segir: „Björn hafði nær ekki kvikfé; hann dreymdi að bergbúi kæmi at honum og byði að gera félag við hann, en hann játti. Þá kom hafr til geita hans litlu síðar; því var hann Hafr-Björn kallaðr. Hann gerðist bæði ríkr og stórauðigr. Þat sá ófresk kona, at allar landvættir fylgdu Hafr-Birni þá er hann fór til þings en Þorsteini ok Þórði bræðrum hans þá þeir fiskuðu.“



Þegar komið er að Selskógi er best að fylgja hraunjaðrinum, framhjá selsminjunum, þangað til að komið er að fuglaþúfu eða hundapúfu eins og sumir kalla hana og fara þar yfir hraunið að stiku sem sýnir stystu leiðina yfir hraunhaftið að einni borholunni. Fylgið síðan veginum og beygið til vinstri í átt að hvítu slánni yfir veginn. Beygið þar til hægri í átt að borholu 9 og fylgið veginum að Lækningalindinni. Þar til hliðar við húsið er merkt gönguleið í átt að Bláa lóninu.



Þegar horft er upp með fjallinu má sjá ýmsar kynjamyndir af tröllum sem dagað hafa uppi þar.

**Merki Grindavíkur** er geithafur. Í Landnámu segir: „Björn hafði nær ekki kvikfé; hann dreymdi að bergbúi kæmi at honum og byði að gera félag við hann, en hann játti. Þá kom hafr til geita hans litlu síðar; því var hann Hafr-Björn kallaðr. Hann gerðist bæði ríkr og stórauðigr. Þat sá ófresk kona, at allar landvættir fylgdu Hafr-Birni þá er hann fór til þings en Þorsteini ok Þórði bræðrum hans þá þeir fiskuðu.“



### Upphafið að Hitaveitu Suðurnesja

Grindvíkingar voru búnir að velta því fyrir sér í mörg ár að þegar allt var hvítt af snjó þá var alltaf auður blettur í hrauninu. Það var síðan í janúar 1973 sem þeir gerðu tilraun til að bora um 200–500 m djúpa holu og fá lághitavatn til húshitunar. Þeim til skelfingar kom upp allt of heitt vatn, mikil gufa og allskonar efni sem menn höfðu ekki séð fyrr. Grindvíkingar fengu Orkustofnun, ríkið og önnur sveitarfélög á Suðurnesjum í lið með sér og lausnin var að bora eftir fersku vatni sem nóg var af og hita það upp með gufu sem upp kom. Hitaveita Suðurnesja var stofnuð 1975. Hitaveitan rekur orkuver í Svartsengi sem nýtir um 240°C heitan jarðvarma, sem fenginn er úr borholum allt að 2000 m djúpum. Varminn er notaður til upphitunar á vatni eins og áður hefur komið fram og til framleiðslu á rafmagni. Jarðefnum um 80°C heitum, sem ekki eru nýtt í orkuverinu, er hleypt út á hraunbreiðuna og nýttast m.a. í Bláa lóninu.

#### Lækningalindin

Allt þetta efni, sem kom upp við tilrauna-



*Kísilþörungur gefa vatninu bláleitt yfirbragð.*

boranir Grindvíkinga, flæddi um hraunið og fyllti upp í holur. Í raun má segja að það hafi verið Keflvíkingurinn Valur Margeirsson sem átti upphafið að vinsældum Bláa lónsins. Honum datt í hug að baða sig í lóninu til að fá bót á psoriasis-húðsjúkdómi. Fljótlega var reistur skúr fyrir hann til að skipta um föt. Og góð áhrif lónsins á sjúkdóminn fréttust víða.

### Upphafið að Hitaveitu Suðurnesja

Grindvíkingar voru búnir að velta því fyrir sér í mörg ár að þegar allt var hvítt af snjó þá var alltaf auður blettur í hrauninu. Það var síðan í janúar 1973 sem þeir gerðu tilraun til að bora um 200–500 m djúpa holu og fá lághitavatn til húshitunar. Þeim til skelfingar kom upp allt of heitt vatn, mikil gufa og allskonar efni sem menn höfðu ekki séð fyrr. Grindvíkingar fengu Orkustofnun, ríkið og önnur sveitarfélög á Suðurnesjum í lið með sér og lausnin var að bora eftir fersku vatni sem nóg var af og hita það upp með gufu sem upp kom. Hitaveita Suðurnesja var stofnuð 1975. Hitaveitan rekur orkuver í Svartsengi sem nýtir um 240°C heitan jarðvarma, sem fenginn er úr borholum allt að 2000 m djúpum. Varminn er notaður til upphitunar á vatni eins og áður hefur komið fram og til framleiðslu á rafmagni. Jarðefnum um 80°C heitum, sem ekki eru nýtt í orkuverinu, er hleypt út á hraunbreiðuna og nýttast m.a. í Bláa lóninu.

#### Lækningalindin

Allt þetta efni, sem kom upp við tilrauna-



*Kísilþörungur gefa vatninu bláleitt yfirbragð.*

boranir Grindvíkinga, flæddi um hraunið og fyllti upp í holur. Í raun má segja að það hafi verið Keflvíkingurinn Valur Margeirsson sem átti upphafið að vinsældum Bláa lónsins. Honum datt í hug að baða sig í lóninu til að fá bót á psoriasis-húðsjúkdómi. Fljótlega var reistur skúr fyrir hann til að skipta um föt. Og góð áhrif lónsins á sjúkdóminn fréttust víða.



Lækningalind var komið á fót árið 2005 en þar er veitt meðferð við og stundaðar rannsóknir á psoriasis-húðsjúkdómnum. Lækningalindin er starfrækt í samvinnu við íslensk heilbrigðis-yfirvöld og greiðir Tryggingastofnun ríkisins hlut innlendra sjúklinga í meðferðinni.

**Bláa Lónið hf.** var stofnað 1992 og er meginmarkmið félagsins að vera í forystu um uppbyggingu heilsu- og ferðapjónustu á Íslandi. Starfsemin skiptist í rekstur heilsulindar, lækningalindar og markaðssetningu á BLUE LAGOON-húðvörum. Starfsemin byggir á einstökum eiginleikum jarðsjávarins sem inniheldur steinefni, sölt, kísil og þörungum. Steinefnin veita slökun og koma jafnvægi á húðina, þörungarnir næra hana og mýkja og kísillinn hreinsar og gefur húðinni slétta og fallega áferð.

Í heilsulindinni er veitingastaður og verslun með heilsuvörur o.m.fl.

Hundruð þúsunda gesta heimsækja Bláa Lónið árlega og vegna sérstöðu sinnar nýtur það hylli víða um heim.

*Umhverfi Bláa Lónsins býður upp á mikla möguleika til útivistar í hrifandi landslagi.*



*Umhverfi Bláa Lónsins býður upp á mikla möguleika til útivistar í hrifandi landslagi.*

Lækningalind var komið á fót árið 2005 en þar er veitt meðferð við og stundaðar rannsóknir á psoriasis-húðsjúkdómnum. Lækningalindin er starfrækt í samvinnu við íslensk heilbrigðis-yfirvöld og greiðir Tryggingastofnun ríkisins hlut innlendra sjúklinga í meðferðinni.

**Bláa Lónið hf.** var stofnað 1992 og er meginmarkmið félagsins að vera í forystu um uppbyggingu heilsu- og ferðapjónustu á Íslandi. Starfsemin skiptist í rekstur heilsulindar, lækningalindar og markaðssetningu á BLUE LAGOON-húðvörum. Starfsemin byggir á einstökum eiginleikum jarðsjávarins sem inniheldur steinefni, sölt, kísil og þörungum. Steinefnin veita slökun og koma jafnvægi á húðina, þörungarnir næra hana og mýkja og kísillinn hreinsar og gefur húðinni slétta og fallega áferð.


Í heilsulindinni er veitingastaður og verslun með heilsuvörur o.m.fl.

Hundruð þúsunda gesta heimsækja Bláa Lónið árlega og vegna sérstöðu sinnar nýtur það hylli víða um heim.

*Umhverfi Bláa Lónsins býður upp á mikla möguleika til útivistar í hrifandi landslagi.*



*Umhverfi Bláa Lónsins býður upp á mikla möguleika til útivistar í hrifandi landslagi.*



Nágreppi Bláa lónsins hefur upp á fjölmargt að bjóða. Í bæklingnum er að finna fróðleik um sögu, náttúru og umhverfi, sem nýtist útivistarfólki til gagns og gamans. Gönguleiðin er stikuð að hluta með númerum og miðast fróðleikurinn m.a. við þær stikur og önnur kennileiti.



Nágreppi Bláa lónsins hefur upp á fjölmargt að bjóða. Í bæklingnum er að finna fróðleik um sögu, náttúru og umhverfi, sem nýtist útivistarfólki til gagns og gamans. Gönguleiðin er stikuð að hluta með númerum og miðast fróðleikurinn m.a. við þær stikur og önnur kennileiti.